

Bt: Stjórn Strætó bs
Hesthálsi 14
110 Reykjavík

Umsögn Íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um hugmyndir að breyttu leiðarkerfi strætó í Árbæ og Norðlingaholti.

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts hefur haft til skoðunar og fengið kynningu á fyrstu hugmyndum um breytingar á leiðarkerfi Strætó bs um Ártúnsholt, Árbæ, Selás og Norðlingaholt.

Íbúaráð hefur að leiðarljósi í öllum störfum sínum að auka gæði þjónustu íbúa og tengsl á milli þessara hverfahluta og byggja ábendingar okkar vegna framkominna tillagna Strætó bs á þeim grunni.

Samkvæmt núverandi samgönguáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið er ljóst að fyrirhuguð borgarlína mun sniðganga Árbæ og Norðlingaholt, nokkuð sem þáverandi Hverfisráð Árbæjar gerði athugasemdir við á sínum tíma. Af þeim sökum er enn brýnna að önnur þjónusta strætó í borgarhlutanum verði góð og tryggi að allir íbúar þessa bæjarhluta hafi aðgang að góðum almenningssamgöngum, bæði innan hverfis sem og við fyrirhugaða borgarlínu.

Hverfahlutar Árbæjar (Ártúnsholt, Árbær og Selás) auk Norðlingaholts sækja sameiginlega þjónustu innan hverfisins. Má þar nefna skóla, frístund, heilsugæslu, sund, kirkju, skátastarf, íþróttir og verslun. Þjónustumiðja hverfisheildarinnar er samkvæmt samþykktu hverfisskipulagi svæðið í kringum Árbæjartorg við Frístundamiðstöðina Ársel, Árbæjarkirkju og Árbæjarskóla. Þar í næsta nágrenni eru íþróttamannvirki Fylkis og sundlaug en auk þess fer verulegur hluti starfs íþróttafélagsins fram í Fylkisseli við Norðlingabraut í Norðlingaholti.

Íbúaráð leggur áherslu á að breytingar á akstursleiðum strætó í hverfinu taki mið af þessu skipulagi.

Íbúaráð vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum vegna mögulegrar leiðar stofnleiðar **F**:

- I. Ártúnsholt. Með þeim hugmyndum sem eru til kynningar má segja að Ártúnsholtið sé algerlega slitið frá öðrum hlutum Árbæjar þar sem íbúum þess hverfis er ætlað að sækja alla þjónustu. Nægir í því sambandi að nefna að unglingastig fyrir nemendur í Ártúnsholti er í Árbæjarskóla við Rofabæ og íþróttafélag hverfishlutans er Fylkir við Fylkisveg og Norðlingabraut.

Leið **J** mun vissulega ganga í gegnum Ártúnsholtið og bæta tengsl hverfishlutans til vesturs. Til austurs tengir leiðin Ártúnsholtið hins vegar ekkert við Árbæinn heldur við Grafarholt þar sem íbúar Ártúnsholts sækja litla sem enga þjónustu.

*Íbúaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að stofnleið **F** gangi eftir hverfinu endilöngu og miðju (frá Norðlingaholti um Selás, Árbæ og Ártúnsholt) eins og frekast er kostur og þar sé sérstaklega horft til þess að börnum í Ártúnsholti er ætlað að sækja skóla og íþróttir í Árbæinn. Með þessa ríku hagsmuni í huga er eðlilegt að leiðin gangi eftir miðju hverfinu, um Streng framhjá Ártúnsskóla. Með því móti er fjarlægð íbúa Ártúnsholts að leiðinni aldrei meiri en 250-300 metrar (loftlína).*

- II. Árbær/Selás. Færa má fyrir því rök að ætluð för leiðar **F** um Bæjarbraut með beygju niður Hraunbæ í stað Rofabæjar færi farþega nær þjónustukjarna (heilsugæslu) við Hraunbæ.

Rökin fyrir því að leiðin fari um Rofabæ teljum við vega þyngra, enda gengur leiðin þá nær fleiri íbúum Árbæjar. Ef leiðin gengur um Rofabæ er u.þ.b. jafn langt fyrir íbúa í neðstu húsum bæjanna (Ystibær að Háabæ) í strætó eins og fyrir íbúa norðan Hraunbæjar eða um 250-300 metrar (loftlína). Ef leiðin gengur hins vegar um Hraunbæ neðan Bæjarbrautar er vegalengdin orðin um 450 -500 metrar fyrir íbúa neðst í bæjunum en 30-60 metrar fyrir íbúa Norðan við Hraunbæ.

Íbúaráð telur eðlilegast og hagkvæmast að leið F gangi niður Rofabæ eins og leið 5 gerir nú.

III. Norðlingaholt. Samkvæmt umræddum hugmyndum að nýju leiðarkerfi strætó mun leið F aka inn í Norðlingaholt um Þingtorg og fara inn Árvað, snúa við þar og aka sömu leið út úr hverfinu. Mikil óánægja hefur komið fram með þessar tillögu í Norðlingaholti, sem íbúaráð tekur undir og hefur sú óánægja einkum beinst að þremur þáttum:

- a. Stórauðinni fjarlægð í biðstöð fyrir bróðurpartinn af íbúum hverfisins.
- b. Hugmyndin um að strætó gangi upp Árvað inn að hringtorgi við Norðlingaskóla þar sem fyrir eru mikil þrengsli og umferðaröryggi barna nú þegar ábótavant.
- c. Tengingarleysi við Fylkissel við Norðlingabraut fyrir íbúa Norðlingaholts og ekki síður aðra íbúa Árbæjar.

Miðað við þessar hugmyndir virðist einungis gert ráð fyrir einni biðstöð í hverfinu og göngufjarlægð að henni verði um eða yfir 1000 metrar fyrir þá sem lengst þurfa að fara (íbúar við Búðavað, Þingvað og Hólmvað). Um væri að ræða gríðarlega þjónustuskerðingu fyrir íbúa frá því sem nú er. Göngufjarlægð fyrir notendur almenningssamgangna verður allt of löng og hugmyndin ekki til þess fallin að auka notkun þeirra. Er það í ósamræmi við stefnu borgarinnar um aukningu og bætt aðgengi að almenningssamgöngum.

Eina biðstöð hverfisins á samkvæmt hugmyndunum að vera í Árvaði við Norðlingaskóla. Þótt þarna komist vagninn næst miðju hverfisins og staðsetningin að því leyti skiljanleg, kemur þetta engan veginn í staðinn fyrir hringaksturinn sem nú er um hverfið. Þá eru þegar vandamál í Árvaðinu hvað varðar þrengsli og umferðaröryggi og erfitt að sjá hvaða ráðstafanir gætu bætt þar úr.

Það er deginum ljósara að íbúar Ártúnsholts, Árbæjar, Seláss og Norðlingaholts, þá sérstaklega börn og unglingar, þurfa að komast í Fylkissel við Norðlingabraut. Að mati íbúaráðs er óraunhæft að ætla enga þjónustu þangað á meðan þar er rekin bæði íþróttastarfsemi og félagsmiðstöð.

Núverandi strætóleið umhverfis hverfið er um ríflega tveggja kílómetra löng. Væri akstri um Árvað að skólanum sleppt færi þessi vegalengd niður í tæpa tvo kílómetra. Væri akstur tryggður að Fylkisseli á annað borð (t.d. að hringtorgi við Norðlingavað) lægi beinast við að halda áfram hringinn umhverfis hverfið í stað þess að snúa við og keyra sömu leið til baka, enda þá orðið um svipaða vegalengd að ræða.

Íbúaráð leggur því til að leið F gangi hring umhverfis Norðlingaholt líkt og leið 5 gerir nú og fari ekki upp Árvað að Norðlingaskóla. Með þeim hætti yrði lang flestum íbúum

*Norðlingaholts tryggður góður aðgangur að almenningssamgöngum og öllum íbúum Árbæjar
aðgangur að starfseminni í Fylkisseli.*

Reykjavík 25.11.2019

f.h. íbúaráðs Þorkell Heiðarsson formaður